


Áframhaldandi aukin notkun ADHD lyfja

Á undanförunum árum hefur notkun ADHD lyfja aukist mikið á Íslandi. Þau lyf sem mest eru notuð við þessari taugaþroskaröskun innihalda metýlfenidat og falla í flokk örvandi lyfja (ATC flokkur N06BA). Í [úttekt](#) embættis landlæknis sem gerð var árið 2020 kom í ljós að heildarfjöldi barna sem fékk ávísað metýlfenidati tvöfaldaðist milli árana 2010 og 2019 en heildarfjöldi fullorðinna rúmlega þrefaldaðist.


Árið 2020 nam notkun lyfja í ATC flokki N06BA 43 skilgreindum dagskömmtum á hverja 1.000 íbúa á dag (DDD/1.000 íbúa/dag) samanborið við 36 dagskammta árið 2019. Þetta samsvarar 19,4% aukningu á milli ára. Þegar litið er til síðustu fimm ára má sjá um 42% aukningu í notkun lyfja í þessum lyfjaflokki frá árinu 2016 og um 152% aukningu frá árinu 2011 (mynd 1).

Metýlfenidat er mest notaða lyfið í lyfjaflokki N06BA eða um 85% af því heildarmagni (DDD/1.000 íbúa/dag) sem notað er. Árið 2020 var ávísað magn af metýlfenidati 36,5 skilgreindir dagskammtar á hverja 1.000 íbúa á dag (DDD/1.000

Skilgreindur dagskammtur lyfja, DDD (Defined Daily Dose), er ætlaður meðaltals daglegur viðhaldsskammtur við helstu ábendingu hjá fullorðnum.



Mynd 1. Notkun örvandi lyfja (DDD/1.000 íbúa/dag) [ATC flokkur N06BA], 2011–2020.



Mynd 2. Fjöldi barna (<18 ára) og fullorðinna (≥18 ára) á hverja 1.000 íbúa sem fær a.m.k. eina ávísun af metýlfenidati [ATC flokkur N06BA04], 2011–2020.

Efni: bls.
Áframhaldandi aukin notkun ADHD lyfja 1

Ritstjórn
Sigríður Haralds Elínardóttir sviðsstjóri, ábm.
Védís Helga Eiríksdóttir

Ritstjóri
Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

Embætti landlæknis


Katrínartúni 2
105 Reykjavík
Sími 510 1900
Bréfasími 510 1919
mottaka@landlaeknir.is
www.landlaeknir.is

15. árgangur. 5. tölublað. Maí 2021


íbúa/dag). Þetta samsvarar um 13% aukningu frá árinu 2019 og 30% aukningu frá árinu 2016. Árið 2020 var hlutfall lisdexamfetamíns 9,1% af heildarnotkun örvandi lyfja (DDD/1.000 íbúa/dag) í þessum lyfjaflokki samanborið við 3,7% árið 2019. Lyfið kom nýtt á markað árið 2017.

Alls fengu 13.696 einstaklingar metýlfenidati ávísað a.m.k. einu sinni á árinu 2020, 5.426 börn og 8.270 fullorðnir. Þetta samsvarar því að 38 af hverjum 1.000 íbúum hafi fengið metýlfenidati ávísað. Hlutfall þeirra sem fékk ávísað metýlfenidati árið 2020 var mun hærra hjá börnum en fullorðnum eða 67 af hverjum 1.000 börnum (+12% frá fyrra ári) samanborið við 29 af hverjum 1.000 fullorðnum (+15% frá fyrra ári) (mynd 2). Vakin er athygli á að þegar fjöldi notenda er vigtaður miðað við mannfjölda er miðað við fjölda íbúa á viðeigandi aldersbili sama ár og lyfjanotkunin nær til. Sem dæmi, þegar greint er frá hlutfalli barna sem fær ávísað metýlfenidati tiltekið ár þá er fjöldi einstaklinga undir 18 ára aldri sem fær ávísað lyfi vigtaður miðað við heildarfjölda einstaklinga á sama aldri á því tiltekna ári.

Þrátt fyrir að konum sem fá ávísað metýlfenidati hafi fjölgað hlutfallslega meira en körlum undanfarin ár, er enn greinilegur kynjamunur á notkun metýlfenidats en karlar eru meirihluti notenda þegar á heildina er lítið. Á árinu 2020 fengu 7.650 karlar (41 af hverjum 1.000 körlum) og 6.046 konur (34 af hverjum 1.000 konum) ávísað metýlfenidati. Árið 2019 voru samsvarandi tölur 6.788 karlar (41 af hverjum 1.000 konum) og 5.084 konur (29 af hverjum 1.000 konum). Þennan kynjamun má að öllu leyti rekja til þess að notkun ADHD lyfja er tvöfalt meiri hjá drengjum en stúlkum (<18 ára). Óverulegan kynjamun er að finna í notkun ADHD lyfja



Mynd 3. Fjöldi barna (<18 ára) og fullorðinna (≥18 ára) af hverjum 1.000 íbúum sem fær a.m.k. eina ávísun af metýlfenidati [ATC flokkur N06BA04] greint eftir kyni, 2011–2020.




Mynd 4. Fjöldi barna (<18 ára) af hverjum 1.000 íbúum sem fær a.m.k. eina ávísun af metýlfenidati [ATC flokkur N06BA04] greint eftir kyni og aldursflokkum, 2011–2020.

meðal fullorðinna (mynd 3).

Notkun metýlfenidats er mest meðal drengja á aldrinum 10-14 ára þar sem 156 af hverjum 1.000 drengjum fengu ávísað metýlfenidati a.m.k. einu sinni á árinu 2020. Á meðal stúlkna er notkun metýlfenidats svipuð í aldurshópnum 10-14 ára og 15-17 ára. Um 79 og 85 stúlkur af hverjum 1.000 stúlkum í fyrrnefndum aldurshópum fengu metýlfenidati ávísað a.m.k. einu sinni árið

2020. Mest var aukning milli áranna 2019 og 2020 á meðal elstu barnanna (15-17 ára) eða 16% hjá drengjum og 14% hjá stúlkum (mynd 4).

Notkun metýlfenidats hjá fullorðnum hefur einnig aukist mikið á undanförunum árum. Árið 2020 var notkunin mest meðal einstaklinga á aldrinum 18-24 ára þar sem 56 af hverjum 1.000 körlum og 52 af hverjum 1.000 konum fengu ávísað metýlfenidati a.m.k. einu



Mynd 5. Fjöldi fullorðinna (≥ 18 ára) á hverja 1.000 íbúa sem fær a.m.k. eina ávísun af metýlfenidati [ATC flokkur N06BA04] greint eftir kyni og aldursflokkum, 2011–2020.

sinni. Það dregur síðan úr notkuninni með hækkandi aldri (mynd 5).

Umræða

Þeim sem fá ávísað ADHD lyfjum fjölgaði umtalsvert milli árána 2019 og 2020. Um var að ræða fjölgun bæði á meðal barna og fullorðinna. Fjölgunin var hlutfallslega mest hjá konum á miðjum aldri (35–66 ára). Í ljósi stigvaxandi notkunar þessara lyfja er brýnt að rannsaka þróunina frekar, t.d. skoða fjölda þeirra sem fá lyfjunum ávísað einu sinni samanborið við þá sem nota

þau til lengri tíma, hvort notkunin sé mismunandi eftir landssvæðum og aðrar mögulegar ástæður hennar. Mikilvægt er að greining og ákvörðun um meðferð byggji ávallt á mati þverfaglegs teymis sérfræðinga. Þá er ekki síður mikilvægt að tryggð sé viðeigandi eftirfylgni með meðferðinni, að fylgst sé með árangri hennar og mat lagt á þörf fyrir meðferðarhlé þegar við á. Enn fremur er mikilvægt að kannað verði hvort önnur úrræði en lyfjameðferð geti átt við hverju sinni og hvort slík úrræði eru aðgengileg.

Mikilvægi faglegrar og hófstiltrar umræðu um notkun ADHD lyfja og ástæður hennar er hér undirstrikað. Ljóst er að leita þarf leiða til að skýra þá þróun sem orðið hefur í notkun þessara lyfja undanfarinn áratug. Stemma þarf stigu við mögulegri of- eða misnotkun umræddra lyfja án þess þó að þær aðgerðir hafi neikvæðar afleiðingar fyrir þá fjölmörgu sem nauðsynlega þurfa á lyfjunum að halda í daglegu lífi.

Védís Helga Eiríksdóttir
Ólafur B. Einarsson